



# Fréttabréf Naustaskóla

5. tölublað, 7. árgangur, 2. apríl 2014

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

## Möppuskil

Í síðustu viku fyrir páskafríð munu nemendur koma heim með matsmöppurnar. Við biðjum foreldra um að gefa sér tíma til að skoða þær með nemendum og nota tækifærið til að ræða saman um skólagönguna og námið. Jafnframt minnum við á að á mentor er að finna upplýsingar um stöðu nemenda miðað við sett námsmarkmið o.fl. og um að gera að kíkja þar inn í sameiningu í leiðinni. Við biðjum svo um að möppurnar séu sendar aftur í skólann að lokinni skoðun..

## Kæra skólasamfélag

Eins og margir foreldrar urðu varir við í febrúarmánuði var þá framkvæmd svokölluð foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins, en þá var úrtak úr foreldrahópnum beðið um að svara fjölmörgum spurningum um ýmsa þætti skólastarfsins. Nú liggja fyrir niðurstöður úr þessari könnun og líkt og síðasta vetur eru þær í heildina tekið afar jákvæðar. Þannig koma fram marktækt jákvæðar niðurstöður miðað við landsmeðaltal þegar spurt er um ánægju foreldra með nám og kennslu í skólanum, hvort að námið sé í takt við grunnstoðir aðalnámskrár, þegar spurt er um ánægju með stjórnun, samskipti starfsfólks við nemendur, hversu vel skólinn mæti þörfum nemenda, hversu vel sé unnið úr eineltismálum, hversu mikil áhrif foreldrar geti haft á nám nemenda o.fl. Þeir þættir sem mældust marktækt fyrir neðan landsmeðaltal varða vilja nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu og síðan hve miklum tíma foreldrar verja í að aðstoða nemendur við heimanámið, en þær niðurstöður eru reyndar vel í samræmi við stefnu skólans. Niðurstöður könnunarinnar má nálgast á heimasíðu skólans ásamt fleiri gögnum sem nýtt eru til að leggja mat á skólastarfið og hvetjum við foreldra til að rýna í gögnin og koma með fyrirspurnir eða ábendingar eftir því sem tilefni þykir til. Annars er það helst í fréttum að aprílmánuður er frekar rýr í roðinu til skólahalds vegna fjölda frídaga eins og berlega má sjá á yfirlitinu á baksíðu fréttabréfsins. En lífið er nú samt dásamlegt, ekki satt?

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

## Tilnefningar til viðurkenninga skólanefndar



Samkvæmt skólastefnu Akureyrarbæjar skal árlega, veita þeim einstaklingum eða stofnunum sem skarað hafa fram úr í skólastarfi viðurkenningar. Markmiðið er að vekja sérstaka athygli á því sem vel er gert og hvetja þá sem fyrir valinu verða til þess að halda

áfram því góða starfi sem þeir eru að vinna og jafnvel gera enn betur. Viðurkenning er einnig staðfesting á að viðkomandi skóli/kennari/nemandi er fyrirmynd annarra á því sviði sem viðurkenning nær til.

### Skólar/Kennarahópar/Kennari

Foreldrar, nemendur, kennarar, skólar og bæjarstofnanir geta tilnefnt verkefni í skóla til viðurkenningar. Tilnefna má nýbreytniverkefni um hvaðeina í skólastarfi sem unnið hefur verið að á yfirstandandi skólaári, nemendavinnu, vinnu hópa eða einstaklinga, upplýsingamiðlun (s.s. heimasíður og fréttabréf), stefnumótun og skipulag, starf eins kennara eða samvinnu þeirra, verkefni í almennri kennslu, sérgreinum eða sérkennslu, framlag annars starfsfólks skólans, forvarnarstarf, félagsstarf eða foreldrasamstarf.

### Nemendur

Grunnskólar og Tónlistarskólinn setja sér almennar reglur um það hvaða nemendur þeir tilnefna til viðurkenninga og senda til valnefndar. Tilnefning er háð því að viðkomandi nemandi sé orðinn 10 ára eða eldri.

**Tilnefningar fyrir skólaárið 2013-2014 skulu berast rafrænt fyrir 6. apríl næstkomandi og skal þeim skilað á slóðinni:**

<http://www.akureyri.is/skoladeild/vidurkenning-skolanefndar-2014>

## Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk

Þann 2. apríl fór fram lokakeppni Stóru upplestrarkeppninnar á Akureyri þar sem tveir nemendur úr 7. bekkjum hvers skóla bæjarins reyndu með sér í upplestri og framsögn. Það er skemmst frá því að segja að keppendur okkar í Naustaskóla, þær Bjarney Guðrún Jónsdóttir og Lovísa Marý Kristjánsdóttir, stóðu sig frábærlega og fór svo að lokum að Bjarney Guðrún hlaut 2. sætið í keppninni en sigurvegariinn að þessu sinni var Hafsteinn Davíðsson úr Brekkuskóla. Við óskum keppendum innilega til hamingju með frábæran árangur sem byggir á sjálf-sögðu á miklum undirbúningi, æfingu og vandvirkni!



## Ert þú að lesa með þínu barni?

Við minnum foreldra á að þó að stefna skólans feli í sér að heimanámi sé haldið í lágmarki, er samt gerð krafa um að foreldri sinni eftirfylgni með heimalestri nemenda, og á það jafnt við þó að barnið hafi náð bærilegum tókum á lestrinum. Því miður sýnist okkur að allt of margir sinni þessum þætti lítið og er það sannarlega áhyggjuefni því að fátt hefur meiri áhrif á námsáhuga og námsframvindu nemenda en það að foreldrar séu vakandi og áhugasamir þegar kemur að því að hvetja börnin til lestrar. Af þessu tilefni langar okkur til að benda á "lesvefinn" en þar má finna gagnlegar ábendingar og hugleiðingar fyrir jafnt foreldra og kennara um heimalestur og lestrarkennslu. Slóðin á lesvefinn er <http://lesvefurinn.hi.is>





## Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

# Apríl 2014

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	<b>31. mars</b> Plökkfiskur, rúgbrauð og salat. Ávextir.	<b>1. apríl</b> Lasagna, kartöflustappa og gúrka. Salatbar.  <b>Opíð hús 8-10b</b> <b>19:30-21:30</b>	<b>2.</b> Fiskur í raspi, brún hrísgrjón, salat og dressing. Ávextir.	<b>3.</b> Tortillur. Ávextir	<b>4.</b> Makkarónusúpa, brauð og álegg. Salatbar.	<b>5.</b>
<b>6.</b>	<b>7.</b> Hakkréttur, kryddgrjón og salat. Ávextir  <b>7. bekkur í skólalabúðum þessa viku.</b>	<b>8.</b> Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og tómatsósa. Ávextir.  <b>Opíð hús 8-10b</b> <b>19:30-21:30</b>	<b>9.</b> Grísasnitsei, steiktur kartöflur, salat og brún sósa. Salatbar.  <b>Opíð hús 5.-7.b.</b> <b>Kl. 14:30-16:00</b>	<b>10.</b> Ofnbakaður fiskur í blaðlaukssósu, hrísgrjón og gúrkur. Ávextir.	<b>11.</b> Blómkaálssúpa og heimbakað brauð. Salatbar.  <b>Gulur dagur!</b>	<b>12.</b>
<b>13.</b>	<b>14.</b> <b>Páskafri nemenda - Frístund opin</b>  (Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og smjör. Ávextir.)	<b>15.</b> <b>Páskafri nemenda - Frístund opin</b>  (Hakkabuff, kartöflur, grænmeti og brún sósa. Ávextir)	<b>16.</b> <b>Páskafri nemenda - Frístund opin</b>  (Ofnbakaður tómát-fiskur, hrísgrjón og salat. Ávextir)	<b>17.</b> <b>Skírdagur</b> <b>FRÍ</b>	<b>18.</b> <b>Föstudagurinn langi</b> <b>FRÍ</b>	<b>19.</b>
<b>20.</b>	<b>21.</b> <b>Annar í páskum</b> <b>FRÍ</b>	<b>22.</b> Kjötbollur í súrsætri sósu og hrísgrjón. Salatbar.  <b>Opíð hús 8-10b</b> <b>19:30-21:30</b>	<b>23.</b> Ofnbakaður fiskur í ostasósu, kartöflur og paprika. Ávextir.	<b>24.</b> <b>Sumardagurinn fyrsti</b> <b>FRÍ</b>	<b>25.</b> <b>STARFSDAGUR</b> <b>(Frístund lokað eftir hádegi - frá 12:15)</b>  (Skinkupasta. Salatbar)	<b>26.</b>
<b>27.</b>	<b>28.</b> Snakkfiskur, hrísgrjón og gúrka. Ávextir.	<b>29.</b> Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur. Ávextir.  <b>Opíð hús 8-10b</b> <b>19:30-21:30</b>	<b>30.</b> Fiskibollur, kartöflur og karrysósa. Salatbar.	<b>1. maí</b> <b>Frídagur verkamanna</b> <b>FRÍ</b>	<b>2.</b> Hrísgrjónagratgur og slátur. Salatbar.	<b>4.</b>

**Töluvert um frí hjá okkur í apríl. Að sjálfsgöðu eru sumardagurinn fyrsti og verkalýðsdagurinn frídagur en að auki er frí hjá nemendum föstudaginn 25. apríl en þá er starfsdagur, Frístund er einnig lokað eftir hádegi þann dag. Páskafri nemenda hefst föstudaginn 11. apríl og kennsla að loknu páska-leifyi hefst skv. stundaskrá þriðjudaginn 22. apríl.**